

# Ræða Bolla Héðinssonar, formanns Samtaka fjárfesta á aðalfundi samtakanna, fimmtudaginn 29. apríl 2010

Í umfjöllun Rannsóknarnefndar Alþingis um lán veitt eignarhaldsfélögum segir svo:  
margir tóku

„ ....há lán til að kaupa hlutabréf í nafni eignarhaldsfélaga og voru lánin veitt með veðum í bréfunum sjálfum. Með þessu móti gátu einstaklingar takmarkað ábyrgðir sínar ef illa færi. Eitt höfuðatriði í lántökum er að taka ekki meiri lán en maður er borgunarmaður fyrir. Ljóst er að lán sem nemur hundruðum milljóna eða jafnvel milljarði er langt umfram getu venjulegs launafólks, jafnvel vel launaðs fólks innan bankakerfisins. Með því að setja lánin inn í eignarhaldsfélög komust menn hjá ábyrgðinni sem lántökunum fylgdi: Sköpuð voru tækifæri fyrir áhættulausan hagnað.

En svona gerast kaupin ekki á eyrinni. Öllum fjárhagsskuldbindingum fylgir áhætta og einhversstaðar lendir hún ef illa fer. Í þessu tilfelli er áhættan bankans sem eingöngu hefur veð í bréfunum ..... Enn og aftur var verið að þjóna litlum hópi fólks á kostnað annarra. .... Í öllum þessum tilfellum fengu einstaklingar eða félög lán án nokkurrar ábyrgðar, en áhættunni var allri varpað á bankann og þar með almenning ef illa færi“<sup>1</sup>

Og það fór svo sannarlega illa.

Í skýrslunni er réttilega bent á að „öllum fjárhagsskuldbindingum fylgir áhætta og einhversstaðar lendir hún ef illa fer“. Í okkar tilviki lenti hún á okkur, íslensku þjóðinni, hinum venjulega íslenska alþýðumanni og konu.

Það er ástæða til að staldra við og hugleiða hverjir voru í hópi hinna útvöldu sem fengu hinn „áhættulausa“ hagnað. Áhættulausan fyrir þá, en sem lenti svo á þjóðinni allri. Hverjir voru það sem fengu lán út á hlutabréfaeign í eignarhaldsfélögum?

Nokkur fjöldi stjórnálamanna en mest menn og konur úr viðskiptalífínu, sem telja sig ekkert hafa brotið af sér, fólk sem telur sig hafa sloppið með skrekkinn.

Ljóst er að aðeins vildarvinir fengu lán og það sem við verðum að spyrja okkur er, hvar er þetta fólk nú? Fólk sem olli okkur þessum skaða. Fólk sem tók lán í nafni eignarhaldsfélags, í stað þess að bera sjálft ábyrgð á eigin gjörðum. Við eigum að spyrja, er þetta fólk ráðið til hárra starfa í samfélaginu? Kemur þetta fólk fram og talar yfir okkur á fundum um það hvernig eigi að endurreisa samfélagið? Við eigum öll að spyrja okkur, er þetta fólk enn að tala til okkar, eins og það eigi engan hlut að máli, þó það hafi stuðlað að falli samfélags okkar? - Rannsóknarnefnd Alþingis hefur með mjög skýrum hætti kveðið upp sinn dóm yfir þessu fólk. Dómsorðið hljóðar upp á mjög alvarlegan siðferðsbrest þeirra einstaklinga sem tóku lán í nafni eignarhaldsfélaga.

---

<sup>1</sup> Rannsóknarnefnd Alþingis. Bindi 8, bls. 45

Við minnumst öll þeirra gömlu gilda þegar það þótti löstur á fólki ef það dró á eftir sér skuldahala; slóð gjaldþrota fyrirtækja eða annað í þeim dúr. Slíkt þótti ekki heppilegur félags-  
skapur. Búum við við annað siðferðismat í dag? Þykir það í lagi í dag að draga á eftir sér  
slóð gjaldþrota fyrirtækja, ef þetta eru eignarhaldsfélög? Hversvegna á annað að gilda um  
gjaldþrota eignarhaldsfélag, heldur en önnur félög, þó eignarhaldsfélög séu stofnuð í þeim  
göfuga tilgangi að greiða eigandandum arð ef vel gengur, en senda þjóðinni reikninginn, ef  
illa fer.

Gullgerðarmenn fyrri alda gerðu engan skaða með starfsemi sinni og sendu engum  
reikninginn ef illa gekk. Þeir reyndu að skapa verðmæti úr engu. Á Íslandi var svo komið, að  
svo virtist sem heil stétt manna hefði uppgötvað aðferð til að skapa sér verðmæti úr engu.  
Þeir trúðu þessu, eins og gullgerðarmennirnir á miðöldum, að þetta væri hægt. En það höfðu  
gullgerðarmenn fyrri alda, framyfir gullgerðarmenn samtímans, að þeir rukkuðu ekki sam-  
borgara sína fyrir eigin mistök.

Samtök fjárfesta hafa eftir fremsta megni reynt að standa vörð um þá hagsmuni sem lýst er  
sem tilgangi samtakanna í samþykktum þeirra. - Samtökin hófu málarekstur gegn misyndis-  
mönnum í fjármálakerfinu áður en stofnað var til embættis sérstaks saksóknara og áður en sú  
misnotkun fjármálastofnanna komst í hárnæli sem nú hefur sannast með skýrslu Rannsóknar-  
nefndar Alþingis.

Það er von mín að Samtök fjárfesta beri gæfu til að halda áfram á sömu braut og þegar  
litið verði til baka þá getum við með hreinni samvisku sagt að við reyndum hvað við gátum og  
að ljóðlínur Tómasar Guðmundssonar verði ekki að áhrínisorðum Samtaka fjárfesta,

„Á meðan til er böll sem bætt þú gast,  
og barist var á meðan hjá þú sast,  
er ólán heimsins einnig þér að kenna.“

Við skulum hvert og eitt taka orð skáldsins til okkar og ekki að sitja hjá þegar böll heimsins  
verður á vegi okkar.